

**Ed.**

**299. Nefndarálit**

**[111. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekju- og eignarskatt, og lögum nr. 36 29. maí 1958, um breyt. á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp, og látið er í veðri vaka af þeim, er að því standa, að vafasamt sé, að ákvæði þess verði látin gilda nema til bráðabirgða, af því að ríkisstjórnin hafi í síðastliðnum janúarmánuði skipað nefnd til að „endurskoða öll gildandi lög um tekju- og eignarskatt“. Muni sú nefnd halda áfram heildarendurskoðun skattalaganna með það fyrir augum að afhenda heildartillögur, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman. Kunni þá að verða breytt því, er nú á að samþykkja.

Fjárhagsnefnd efri deildar hélt tvo fundi um frumvarpið. Á þeim fyrri mætti skattstjórinn í Reykjavík og veitti nefndinni ýmsar upplýsingar. Enn fremur lét hann Skattstofuna gera ýmsa útreikninga, er gagnrýnendur frumvarpsins töldu nauðsynlega til glöggvunar á málinu. Voru þeir útreikningar lagðir fram á síðari fundinum.

Fjárhagsnefndin klotnaði. Meiri hl. nefndarinnar, stjórnarstuðningsmennirnir þrír (JP, MJ og ÓB) virtust telja frumvarpið harla gott. Við, hinir tveir (KK og BjörnJ), höfðum margt við það að athuga og skilum sérálitum hvor í sínu lagi.

Ef talað var í nefndinni um viðtækari breytingar á lögnum um tekju- og eignarskatt en í frumvarpinu felast, vék meiri hlutinn sér undan að ganga inn á þær með skírskotun til þess, að allt því líkt yrði að sjálfsögðu athugað af hinni stjórnskipuðu nefnd og væri eðlilegt, að þetta biði, þar til heildarathugun skattamála-nefndarinnar væri um garð gengin.

Ekki vildi meiri hlutinn heldur fallast á neinar breytingar, sem hreyft var af minnihlutamönnum nefndarinnar, þó að þær væru innan ramma frumvarpsins.

Vafalaust tel ég því, að stjórnarflokkarnir ætla sér í þessu máli, eins og áður afgreiddum efnahagsmálum á þessu þingi, að beita meirihlutavaldi tilhliðrunarlaust.

Þegar slíkur einræðisandi er ríkjandi, hefur flutningur breytingartillagna ekkert úrslitagildi.

Hins vegar brýtur einræðisandinn skip sín, fyrr en hann varir, hjá lýðræðis-sinnaðri þjóð eins og Íslendingar eru.

Efnahagsaðgerðir þess anda verða aðeins til bráðabirgða, hvort sem hann vill eða vill ekki.

Það virðist vera sameiginlegt álit hjá meiri hluta Alþingis nú, að rétt sé að stefna að því að afnema beina skatta og heimta öll gjöld til þarfa ríkisins með óbeinum sköttum. Hverfa frá því að láta menn bera byrðar samfélagsins að verulegu leyti eftir því, hve sterkir þeir eru, og eftir því, hve mikið þeir bera úr bótum í samfélaginu. Um þetta álit hafa á síðustu missirum sameinast „í einingu andans og bandi friðarins“ annars vegar Alþýðuflokkurinn, sem taldi sig eitt sinn málsvara alþýðunnar og nefndi sig hennar nafni, og hins vegar Sjálfstæðisflokkurinn, sem Alþýðuflokkurinn til skamms tíma kallaði auðvaldsflokk.

Þessi skattastefna um algert afnám beinna skatta er að mínu áliti mjög varhugaverð. Hún er andstæð mikilsverðri bræðralagshugsjón og hæfir ekki öðrum en kaldrifjuðum auðvaldssinum.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, færir skattamálin drjúgan spöl í átt þeirrar stefnu. En ekki er — eins og sakir standa — gerlegt að leggjast á móti frumvarpinu í heild, af því að búið er að leggja á fólkið í landinu óbeina skatta úr hófi fram. Og þó að lækkun tekjuskattsins samkv. frumvarpinu segi afar lítið — og hjá mörgum alls ekki neitt — til mótvægis þeim ókjörum, sem gengisfellingin, hækkun söluskattanna, okurvextirnir, lánsfjáarkreppan og annað þess kyns veldur almenn- ingi, þá væri ekki rétt að banda hönd gegn því litla, sem þar er innan um og saman við hart leiknu fólki til hagsbóta.

Hitt er svo annað mál, að með hagsbótum þessum flýtur hlutdrægni, sem illt er að þola. Henni er hrært saman við.

Ríkisstjórnin hefur lagt á það mikla áherzlu, að lækkun tekjuskattsins sé einn liðurinn í „viðreisnarkerfi“ sínu og hann mjög áhrifamikill fyrir almanning. Hún segist „afnema skatt á almennar launatekjur“. Þetta túlkar hún og stuðnings- lið hennar sem stórkostlega réttlætisráðstöfun og efnahagslega „sárabót“ fyrir al- menning.

En hver verður reyndin?

Tekjuskattur er að vísu, samkv. frumvarpinu, numinn af almennum launa- tekjum með því að hækka persónufrádrátt þannig, að einhleypur maður hefur 50 þús. kr. skattfrjálsar, hjón 70 þús. kr. skattfrjálsar fyrir sig og 10 þús. kr. fyrir hvert barn, sem er á framfæri þeirra.

En um leið og þetta er gert, fær hátekjufólkið miklu meiri skattalækkanir en þeir, sem hafa almennar tekjur og minna en það.

Ríkisstjórnin gumar af því hástöfum, að tekjuskattslækkunin sé „sárabætur“ handa því fólki, sem hefur almennar launatekjur og minna — og þarfnast, eins og gefur að skilja, „sárabótanna“ mest vegna lífskjaraskerðingarinnar af völdum hennar. En um leið drepur stjórnin og þinglið hennar tittlinga framan í hátekju- mennina og stingur að þeim margfalt hærri bótum.

Hér skulu nefnd dæmi þessu til sönnunar:

	Nettó-tekjur	Skattur var	Skattur verður	Lækkun
	kr.	kr.	kr.	kr.
Einhleypur .....	50 000	2 131	0	2 131
— .....	75 000	6 049	2 000	4 049
— .....	100 000	12 645	5 500	7 145
— .....	150 000	28 971	17 500	11 471
— .....	200 000	48 530	32 500	16 030

Hjón með 2 börn	50 000	343	0	343
— — — —	75 000	2 484	0	2 484
— — — —	100 000	6 928	500	6 428
— — — —	150 000	21 876	7 500	14 376
— — — —	200 000	40 511	20 500	20 011
Hjón með 3 börn	50 000	236	0	236
— — — —	75 000	1 949	0	1 949
— — — —	100 000	5 706	0	5 706
— — — —	150 000	20 018	5 500	14 518
— — — —	200 000	38 369	17 500	20 869

Beri menn nú saman t. d. hjónin með tvö börn, sem hafa 50 þús. kr. nettótekjur, þau fá í „sárabætur“ 343 kr. skatt felldan niður, og hjónin með tvö börn, sem hafa 150 þús. kr. nettótekjur, þau fá 14376 kr. bætur, eða yfir fjörutíu sinnum meira en hin og í öfugu hlutfalli við þörfina, eins og hver maður getur skilið.

Þannig er réttlæti þessara ráðstafana.

Enn er eitt, sem tekur þó fram úr öllu öðru í frumvarpi þessu. Fyrsta grein frumvarpsins gerir ráð fyrir því, að skattgjaldstekjur, sem eru fram yfir 110 þús. kr., séu algerlega skattfrjálsar. Skattlagningin á ekki að ná hærra en í 110 þús. kr. skattgjaldstekjur (þ. e. 110 þús. kr. tekjur, þegar búið er að draga persónufrádráttinn frá).

Sá gróðapeningur, sem er þar fyrir ofan, á að vera yfir skattlagningu hafinn.

Hér má segja, að stjórnarflokkarnir nái sér fullkomlega á strikið!

Þarna er svo langt gengið, að ég á — þrátt fyrir allt — bággt með að trúna, að leiðrétting fái ekki á því, og geri þess vegna tilraun til að flytja svofellda

#### BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. í stað „90000—110000“ í síðustu talnalínu skattstigans komi: 90 þús. kr. og þar yfir.

Alþingi, 6. apríl 1960.

Karl Kristjánsson.